



Lúðrasveit verkalyðsins leiddi mótmælagöngu Eflingar úr Iðnó í Ráðhúsið í gær. Boðað er til fundar hjá ríkissáttasemjara í deilu félagsins við borgina í dag. Sjá nánar síðu 4 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Bresk ofurtölva gæti endað á Íslandi

Breska veðurstofan áformar nýtt 200 milljarða verkefni með gríðarlegri ofurtölvu. Sökum hreinna orkugjafa er einna helst horft til Íslands og Noregs með staðsetningu. Utanríkisráðherra Íslands segir um að ræða stórt gagnaver sem myndi þurfa mikla raforku.

TÆKNI Ísland kemur til greina sem staður fyrir nýja ofurtölvu bresku veðurstofunnar sem byggð verður á árunum 2022 til 2032. Verður hún átjánfalt öflugri en núverandi tölva og langstærsta framkvæmd sem veðurstofan hefur farið í.

Áætlaður kostnaður við verkefnið í heild er 1,2 milljarðar punda eða tæpir 200 milljarðar króna samkvæmt breskum miðlum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins væri raforkuþörfin 7 MW í upphafi en gæti síðar margfaldast. Nefndur hefur verið 14 ára þjónustusamningur og að fyrirhugað sé að ljúka málinu fyrir árið 2022.

Tölvun mun bæði geta reiknað út veðurspár með betri og afmarkaðri hætti en áður hefur verið hægt og

verður hún einnig notuð til langtímarannsóknna. Helsta viðfangsefnið er hlýnun jarðar og áhrif hennar langt inn í framtíðina.

Hingað til hafa allar ofurtölvur bresku veðurstofunnar verið í Bretlandi en nú verður breyting þar á. Slík tölva þarf mikla orku og því er leitað að stað á Evrópska efnahagssvæðinu til að hýsa tölvuna með tilliti til hreinna orkugjafa. Samkvæmt BBC er einkum horft til Íslands og Noregs.

Árið 2016 var ofurtölva frá dönsku veðurstofunni tekin í gagnið hér á Íslandi og eru upplýsingarnar samnýttar. Sú tölva þrefaldaði reiknigetu dönsku veðurstofunnar.

Árni Snorrason, forstjóri Veðurstofu Íslands, segir að Bretar hafi

Ég hef falið sendiráði okkar í London að fylgjast með þeim möguleikum sem hugsanlega geta opnast fyrir Íslendinga.

Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra



ekki haft samband varðandi uppsetningu ofurtölvu hér á landi. Reynslan af notkun dönsku ofurtölvunnar sé mjög góð. Veðurstofan sjái um innviðina, svo sem að afla

rafmagns, kælingu og þess háttar. Danir sjái hins vegar um stýringuna og keyrsluna.

„Norðurlöndin hafa verið í samstarfi um veðurrannsóknir um nokkurra ára skeið og það hefur verið vikkad út til baltnesku landanna og síðan Írlands og Hollands,“ segir Árni. „Næsta skref í samstarfinu er að Norðmenn, Svíar og Finnar sjái um veðurreikninga fyrir Skandinavíu og baltnesku löndin. Svo erum við að undirbúa að keyra veðurspár fyrir Ísland, Danmörku, Holland og Írland. Það hefst 2023.“

Aðspurður segir Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra að utanríkisþjónustan fylgist með málinu. „Ég hef falið sendiráði okkar í London að fylgjast með

þeim möguleikum sem hugsanlega geta opnast fyrir Íslendinga. Þarna er um að ræða stórt gagnaver sem þarf á mjög mikilli orku að halda. Þannig getur þetta verið talsvert tækifæri fyrir Ísland,“ segir utanríkisráðherrann.

Eyjólfur Magnús Kristinsson, forstjóri Advania Data Centers, staðfestir að félagið sé að skoða þátttöku í verkefninu sem óbeinn aðili, enda sé verkefnið af þeirri stærðargráðu að ólíklegt sé að íslenskt fyrirtæki gæti leitt það. „Það er of snemmt að segja fyrir um hversu líklegt þetta sé. Það væri frábært ef slíkt verkefni kæmi til Íslands, en það reynir á marga samkeppnisþætti á borð við orkuverð, bandvídd, pólitískan vilja og stöðugleika og fleira.“ – khg, ds



Atvinnubílar

Nýja T6.1 línan er mætt!
Komdu og skoðaðu úrvalið


www.hekla.is/volkswagensalur



HEKLA · Laugavegur 170 · Sími 590 5000



Veður



Norðaustan 8-15 m/s, en 13-20 norðvestantil framan af degi. Hiti kringum frostmark. Yfirleitt þurrt sunnan heiða. Hæg breytileg átt eftir hádegi. **SJÁ SIÐU 14**



Lögmaðurinn Geir Gestsson ritar undir umsögnina ásamt Almari Möller. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

Tryggi rétt til endurupptöku

MANNRÉTTINDI Verulegur vafi leikur á því að Ísland geti lengur fullnægt skyldum sínum samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu til að fullnusta dóma MDE hérlandis, að mati Lögmannafélags Íslands.

Í umsögn Lögmannafélagsins um frumvarp dómsmálaráðherra um endurupptökudóm segir að brýnt sé að lögfesta frumvarpið sem fyrst vegna réttaróvissu um rétt til endurupptöku sakamála.

» **Möguleikar þeirra sem hafa sætt tvöfaldri saksókn í skattamálum á að fá mál sín endurupptekin eru í uppnámi.**

Í umsögninni er fjallað um réttaróvissu um hvort íslensk lög veiti íslenskum ríkisborgurum fullnægjandi heimildir til endurupptöku mála í kjölfar áfellsdóma MDE. Vísað er til dóms Hæstaréttar þar sem endurupptökubeiðni Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar var hafnað.

Tryggja þurfi skýran endurupptökurétt vegna brota íslenska ríkisins á öllum ákvæðum sáttmálans. Eftir dóminn séu möguleikar fjölda manna, sem hafa sætt tvöfaldri saksókn í skattamálum, á að fá mál sín endurupptekin í uppnámi. – **aa**

Dansað gegn kynbundnu ofbeldi



Það var fjölmennt á árlegu danshátíðinni Milljarður ris sem fór fram í áttunda skipti í Silfurbergi í Hörpu í gær. Viðburðurinn er haldinn víða um heim á vegum UN women en þar dansa þátttakendur í baráttu og vitundarvakningu gegn kynbundnu ofbeldi. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

Sautján tillögur til skoðunar

SVEITARFÉLÖG Óskað hefur verið eftir umsögn örnefnanefndar um sautján hugmyndir að nöfnum á nýju sameinuðu sveitarfélagi Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótshálsbæjar og Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Nafnanefnd sveitarfélagsins óskaði umsagnar örnefnanefndar um tiltekna forliði og eftirlíði við heitin. Óskað var umsagnar um forliðina Austur-, Eystrí-, Eystra-, Dreka- og Múla- og um eftirlíðina -byggð, -byggðir, -þing og -þinghá. Einnig er óskað umsagnar um heitið Sveitarfélagið Austri. Alls bárust 62 tillögur til nafnanefndarinnar sem valdi úr sautján tillögur.

Örnefnanefnd hefur þrjár vikur til að skila umsögnum um heitin. Þegar þær liggja fyrir verður ákvörðun tekin um hvaða heiti verða lögð fyrir íbúa í atkvæðagreiðslu sem haldin verður 18. apríl næstkomandi. Umræðu um heitið er að finna á Facebook-síðu verkefnisins. – **atv**

Rannsóknir skorti að baki kröfugerðinni

Heiðveig María Einarsdóttir, sem reyndi að bjóða sig fram til forystu Sjómannafélags Íslands, gagnrýnir kröfugerð Sjómannasambandsins í kjara-viðræðum. Kurr sé í stéttinni og sjómenn ekki bjartsýnir á góðan samning.

KJARAMÁL Heiðveig María Einarsdóttir sjómaður sem reyndi að bjóða sig fram til forystu í Sjómannafélagi Íslands, gagnrýnir framkomna kröfugerð Sjómannasambands Íslands í kjaraviðræðum. Hún segir forystuna illa undirbúna og í litlum tengslum við umbjóðendur sína. Önnur félög hafa ekki gefið upp kröfur sínar, hvorki til félagsmanna né annarra. Ólíkt viðsemjendum sínum SFS, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, sé sjómannaforystan sundruð.

Sjómannasambandið birti nýlega kröfur í 15 liðum og SFS í 19. Telur Heiðveig kröfur sjómanna almennt loðnar og illa rökstuddar, svo sem „Kauptrygging og aðrir kaupliðir hækki“ og „Ákvörðun á verði uppsjárafla sett í eðlilegt horf“.

Þá skorti alla rannsóknarvinnu að baki kröfunum. „Ég hef talað um það í mörg ár að það skorti allsherjarúttekt á verðmyndun fisks, það skiptir ekki aðeins sjómenn máli heldur allt samfélagið því þarna eru milljarðar undir,“ segir Heiðveig. Sjómannafélögin geti vel staðið að slíkum rannsóknum, enda ættu þau að sitja á digrum sjóðum. Vinnan gæti verið aðkeypt.

„Á móti kemur að útgerðarmenn koma samhentir fram með sínar ítrustu kröfur og það er erfið fyrir sjómannaforystuna að mæta þeim án þess að hafa eitthvað í höndunum sem þeir virðast ekki hafa samkvæmt þessari kröfugerð,“ segir hún en álasar útgerðinni ekki fyrir það og heldur ekki vinnandi sjómönnum. Þeir séu í sinni hagsmunagæslu og reki hana vel.

Kjaradeilur sjómanna hafa verið strembnar á undanförunum árum. Árin 2011 til 2017 voru samningar



Heiðveig segir sjómannafélögin geta kostað rannsóknir. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Ég hef talað um það í mörg ár að það skorti allsherjarúttekt á verðmyndun fisks.

Heiðveig María Einarsdóttir, sjómaður

lausir og deilan leystist ekki fyrr en eftir löng verkföll. „Strangt til tekið er ég ekki bjartsýn á að það semjast í bráð og er ekkert endilega viss um að það yrðu góðir samningar því að miðað við þessar kröfur yrðu kjör sjómanna verri en áður ef samið yrði nú. Við erum í harðri varnarbaráttu og aðstöðumunur

er mikill,“ segir Heiðveig aðspurð um hvort hún búist við langri deilu.

Þá segir hún vera kurr í stéttinni almennt með stöðuna og að sjómenn séu ekki bjartsýnir á góðan samning. Ber hún þetta saman við kjarabaráttu stóru stéttarfélaganna í aðdraganda Lífskjarasamninganna.


„Þá var gott samtal við fólkið og mikill stuðningur við aðgerðirnar. Því er ekki að skipta í kjaradeilu sjómanna,“ segir Heiðveig.

Aðspurð um hvað henni finnst vanta í kröfugerðina segir hún það fyrst og fremst að sjómenn fái sjálfir að ráðstafa sínum aflahlut. En hvað einstaka tölur varðar segist hún ekkert geta sagt, því að rannsóknarvinnan hafi ekki enn farið fram.

kristinnhaukur@frettabladid.is

PLUG & PLAY HITAVEITUSKELJAR

- Tilbúin til notkunar
- Tengja 2 rör
- Eyðir minna vatni



HEITIRPOTTAR.IS
HÖFÐABAKKI 1
SÍMI 7772000



FORVARNIR Á FÆRIBANDI

G.RUN TIL FYRIRMYNDAR

Sjávarútvegsfyrirtækið G.RUN hlaut forvarnaverðlaun VÍS 2020. Aðbúnaður og öryggi starfsmanna er til mikillar fyrirmyndar og endurspeglar umhyggju fyrir starfsfólkinu.

Við óskum þeim til hamingju og erum stolt af samstarfinu.



VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

Meira lið sent með orrustupotum til Íslands af öryggisástæðum

UTANRÍKISMÁL Norðmenn taka við loftrýmisgæslu Íslands í mars með nýjum orrustupotum. Hingað koma fjórar affimmtán F-35 þotum norska flughersins en herinn er að skipta út eldri F-16 vélum, sem hafa verið notaðar hér á landi.

Er þetta fyrsta verkefni hersins á erlendri grundu þar sem F-35 eru notaðar og vegna þess er stærra lið sent en vanalega, 150 manns. Til samanburðar má nefna að 110 manns fylgdu sex F-16 þotum árið 2013 og 40 manns fylgdu þremur slíkum vélum árið 2009.



F-35 orrustupota ef þeirri gerð sem hingað kemur. MYND/GETTY

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þessar vélar koma til landsins, ítalski flugherinn notaði þær í haust.

Sveinn Guðmarsson, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins

Sveinn Guðmarsson, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins, segir um hefðbundið eftirlit að ræða og á ekki von á að Íslendingar þurfi að

gera sérstakar ráðstafanir. „Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þessar vélar koma til landsins, ítalski flugherinn notaði þær í haust“, segir hann.

Stale Nymoen, ofursti í flughernum, sagði í samtali við NRK að aukalið væri sent með vélunum af öryggisástæðum, það er ef eitthvað óvænt kæmi upp. Þar að auki þyrfti fleiri tæknimenn til að sinna F-35 en F-16. Stefnt er á að skiptunum yfir í F-35 verði lokið árið 2025 en F-16 flotinn er kominn mjög til ára sinna. Kostnaðurinn er áætlaður um 1.200 milljarðar íslenskra króna. – khg



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

1 Sumarbústaður tókst á loft og splundraðist: „Við finnum ekki heita pottinn“. Björgunar-sveitarmaðurinn Jón Valgeir upp-lifði ótrúlegt fávíðri á Þóris-stöðum í Svinadal.

2 Samherji krefur RÚV um af-sökunarbeiðni og íhugar mál-sókn Samherji sendi stjórn RÚV bréf þar sem farið var fram á af-sökunarbeiðni vegna fullyrðinga um að fyrirtækið hefði mútað namibískum embættismönnum.

3 Innkalla vegan vörur vegna möguleika á mjólkurvörum í innihaldi Vörurnar „No Bull Bolognese 350g“ og „No Pork-ies Sausages 8pk“ sem merktar eru vegan hafa verið innkallaðar vegna möguleika á snefilmagni af mjólkurvörum.

4 Guðrún eignaðist dóttur sína á Valentínusardag Guðrún Helga Sörtveit eignaðist dóttur sína á Valentínusardaginn en sama dag gekk stormur yfir landið.

5 Namibíska lögreglan handtók fyrrverandi framkvæmdastjóra Fishcor Mike Nghipunya, fyrrverandi framkvæmdastjóri Namibian Fishing Corporation, eða Fishcor, hefur verið handtekinn.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

Fyrsti fundur samninganefnda í ellefu daga er á dagskrá í dag

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, segir samstöðu- og baráttufund í gær sýna þann mikla stuðning sem sé við verkfallsaðgerðir meðal félagsmanna. Bodað hefur verið til samningafundar í dag. Tveir leikskólar í borginni eru alveg lokaðir og minnst 80 deildir þar sem deildarstjórar eru í Eflingu.

KJARAMÁL Samninganefndir Eflingar og Reykjavíkurborgar munu funda hjá ríkissáttasemjara í dag. Verður það fyrsti sáttafundur aðila í ellefu daga. Ótímabundið verkfall um 1.800 félagsmanna Eflingar hjá borginni hófst í gær.

Fullt var út úr dyrum á samstöðu- og baráttufundi Eflingar í Iðnó í gær. „Þetta var svakalegur fundur. Enn og aftur verður það svo augljóst að við hefðum aldrei farið af stað í þessa baráttu og vegferð nema vegna þess að við vissum að það var það sem félagsmenn vildu,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar. Samninganefnd Eflingar muni mæta vel undirbúin á fundinn í dag eins og ávallt.

„Við byrjum annars alla daga núna á fundi með trúnaðarmönnum okkar hjá borginni. Þar hittumst við og tókum stöðuna og berum saman bækur okkar.“

Verkfallsvarsla verður með svipuðu sniði og áður en Sólveig Anna segir að undanþágufélag hafi veitt ýmsar undanþágur fram á miðnætti á fimmtudag. Þær undanþágur sem hafi verið samþykktar séu aðeins viðtækari en í síðustu viku og snúi meðal annars að böðun og þannig þáttum.

Verkfallið hefur mikil áhrif á starfsemi leikskóla borgarinnar.

Í svari skóla- og frístundasviðs til Fréttablaðsins kemur fram að 80 deildir eru lokaðar þar sem deildarstjóri er félagsmaður í Eflingu. Þá kunni að vera að fleiri deildir séu lokaðar vegna þess að ekki takist að tryggja lágmarksmönnun.



Það var fjölmennt á samstöðu- og baráttufundi Eflingar í Iðnó í gær og baráttuhugur í fólki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tveir leikskólar, Funaborg í Grafarvogi og Berg á Kjalarnesi, eru alveg lokaðir meðan á verkfallinu stendur. Þá er aðeins yngsta deild leikskólans Jörfa í Hæðargarði opin af fimm deildum skólans. Það gæti þurft að loka einhverjum leikskólum alveg ákveðna daga eða hluta úr degi.

Félagsmenn í Eflingu koma að þrífum á 11 af 36 grunnskólum borgarinnar en misjafnt er milli skóla hversu mörg stöðugildir eru. Í svari borgarinnar segir að það sé bundið aðstæður og umgengni á hverjum stað hversu lengi er hægt

» Áttatíu leikskóladeildir eru lokaðar þar sem deildarstjóri er félagsmaður í Eflingu.

að hafa skóla opna ef ekki er hægt að sinna þrífum.

„Það er skólastjórnenda á hverjum stað með aðstoð heilbrigðis-eftirlits að meta hve lengi er hægt að halda skóla eða einstökum deildum opnum við slíkar aðstæður sem verkfall er,“ segir í svarinu.

Forysta skóla- og frístundasviðs muni einnig koma að slíkum ákvörðunum en ljóst sé að húsnaði sem ekki er þrifið um lengri tíma verði lokað.

Foreldrar munu ekki greiða fyrir þá daga sem börn þeirra þurfa að vera heima vegna verkfalls á leikskólum. Það sama gildir um þær máltíðir sem falla niður í grunnskólum. Ekki hefur verið tekið saman hversu há fjárhæð verður endurgreidd vegna þeirra verkfallsaðgerða sem þegar hafa farið fram. birnadrofn@frettabladid.is

Afmæli keisarans frestað vegna veiru

JAPAN Japanir hafa ákveðið að fresta eða aflýsa ýmsum mannfögnuðum í landinu vegna COVID-19 veirunnar. Afmælisfögnuði Naruhito Japanskeisara, sem átti að fara fram í næstu viku, hefur verið frestað ótímabundið ásamt því að almennum þátttakendum hefur verið meinaður aðgangur að Tókýó-maraþoninu sem fram fer 1. mars. Reuters greinir frá.

COVID-19 veiran, sem á upphaf sitt í Kína og hefur valdið dauða um sautján hundruð manns, hefur breiðst hratt út í Japan og þar hefur einn látið lífið vegna hennar. Útbreiðsla veirunnar í landinu er sögð geta hafa veruleg neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og framleiðni í Japan en Ólympíuleikar eru fyrirhugaðir þar í sumar.

Tugþúsundir manna mæta árlega í afmælisfögnuð Japanskeisara sem haldinn er í Keisarahöllinni í miðri Tókýó og er áhættan á smiti sögð of



Naruhito var krýndur keisari Japans í fyrra svo að í ár hefði á að halda afmælisfögnuð hans sem keisara í fyrsta sinn. MYND/GETTY

mikil við slíkar aðstæður. Afmælisfögnuði keisarans hefur ekki verið frestað síðan árið 1996 en þá stóð yfir gíslataka í japanska sendiráðinu í Perú.

Tókýó-maraþonið er eitt fjöl-

mennasta maraþonhlaup heims og hefur 38 þúsund almennum keppendum sem skráð hafa sig í hlaupið verið meinuð þátttaka en 176 atvinnuhlauparar fá að taka þátt í hlaupinu. – bjd

BANNER-UP STANDAR



Ódýr og einföld leið til að kynna þína vöru.



Sundaborg 3
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

Wizar

...fyrir lífsins ljúfu stundir



Hægindastóllinn sem slegið hefur í gegn.

360° snúningur | innbyggður fótaskemill
hallanlegt bak | stillanlegur höfuðpúði

Fáanlegir **Wizar** litir



Verð frá
199.900 kr.





Tania Shergill kaftinn. MYND/GETTY

Indland jafnar rétt í hernum

INDLAND Konum á Indlandi voru í gær tryggð jöfn réttindi á við karla í indverska hernum þegar hæsti-réttur landsins úrskurðaði að rík-issstjórninni bæri að veita konum sömu tækifæri og körlum til stöðu-hækkunar innan hersins.

Úrskurðurinn er sagður marka þáttaskil í jafnréttisbaráttunni á Indlandi. Konur geti nú klifið met-orðastiga hersins líkt og karlar með hærri stöðugildum, hærri launum og frekari ábata. Konur í indverska hernum hafa löngum barist fyrir réttindum sínum en fram til dags-ins í gær var konum ekki heimilt að gegna herþjónustu lengur en í fjór-tán ár og þær fengu ekki sömu tæki-færi og karlkyns hermenn. Ástæðan var sögð sú að þær hefðu skyldum að gegna vegna barna og heimilis og væru því ekki hæfar til herþjónustu.

Seema Singh, yfirmaður í ind-verska flughernum, sagði eftir að úrskurðurinn féll að breytingarnar væru mikilvægar fyrir allar stúlkur og konur. „Þessar breytingar munu upphefja konur, ekki bara í hernum heldur allar konur um allt Indland og allan heim.“ – bdj

Denni setur Bretland á flot



Björgunarmenn fleyta tveimur konum í öruggt skjól eftir að hafa hjálpað þeim að yfirgefa heimili sitt þegar flæddi inn á það í kjölfar stormsins Denna í Hereford í Bretlandi. Denni er fjórða óveðrið sem Bretar gefa nafn á þessum vetri og fylgir það í kjölfar stormsins Ciara. MYND/GETTY

ÍBÚASAMRÁÐ HVERFISÁÆTLUN DIGRANESS

Boðað er til samráðs með íbúum og öðrum hagsmuna-aðilum á Digranesi vegna vinnu við Hverfisáætlun Digraness fimmtudaginn 20. febrúar næstkomandi kl. 17:00 - 18:30 í sal Álfhólsskóla, Álfhólsvogi 120 (Hjalla).

Digranes er fjölmennasta og stærsta hverfi Kópavogs og afmarkast af dölunum tveim Kópavogsdal og Fossvogs-dal annarsvegar og Hafnarfjarðarvegi og Reykjanesbraut hinsvegar.

Í hverfisáætlun er fjallað um byggð, þjónustu, umhverfi, umferð og íbúa, auk nánari skilgreininga og ákvæða fyrir hvert hverfi. Þar gefst íbúum frekari kostur á að taka þátt í að móta sitt nánasta umhverfi. Nánari upplýsingar um verkefnið má nálgast á heimasíðu Kópavogs. <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/hverfisaaetlun-og-hverfisskipulag>

Í HVERNIG HVERFI VILT ÞÚ BÚA?
TAKTU ÞÁTT - LÁTTU Í ÞÉR HEYRA



HVERFISÁÆTLUN



Kópavogsbær

[kopavogur.is](https://www.kopavogur.is)

Hörð gagnrýni á MDE á afmæli Hæstaréttar

Danskur prófessor, sem er einn helsti gagnrýnandi Mannréttindadómstóls Evrópu, kvaðst á 100 afmæli Hæstaréttar efast um að áfellisdomar gegn Norðurlöndunum varði grundvallarréttindi á borð við brot framin í Tyrklandi.

DÓMSTÓLAR „Í dag er full samstaða um að við eigum að vernda grundvallarréttindi – þau sem eru brotin á hverjum degi í Tyrklandi. En það eru skiptar skoðanir um hvort mann-réttindi eigi að leiða af sér túlkun sem þvingar aðildarríki til að tryggja dvalarleyfi fyrir erlenda glæpamenn, skipuleggja vinnumarkaðinn með tilteknum hætti eða veita aðgang að opinberum skjölum á grundvelli laga,“ sagði Mads Bryde Andersen, prófessor við Kaupmannahafnar-háskóla, í gagnrýni sinni á Mann-réttindadómstól Evrópu í tilefni af 100 ára afmæli Hæstaréttar Íslands.

Andersen var einn ræðumanna á hátíðarsamkomu sem efnt var til í Þjóðleikhúsinu á sunnudaginn.

Andersen er nokkuð umdeildur í danska fræðasamfélaginu en hann hefur gagnrýnt bæði dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu og aðild Danmerkur að honum árum saman. Hann hefur meðal annars talað fyrir því að Danir afturkalli aðild sína að Mannréttindasáttmála Evrópu til að komast undan áhrifum dómstólsins.

Í erindi sínu fór Andersen yfir hlutverk ædstu dómstóla Norðurlandanna, sem ber stjórnarskránum samkvæmt að dæma eingöngu eftir lögunum og gæta þess að stíga ekki inn á svið hins lýðræðislega kjörna löggjafa. Önnur viðhorf séu við lýði hjá alþjóðadómstólum og Mann-réttindadómstóllinn hafi víkkað mjög út inntak ákvæða Mannréttindasáttmálans í dómaframkvæmd sinni.

„Eru ekki allir sammála um að við viljum vernda mannréttindi eins vel og við getum?“ spurði Andersen og svaraði sjálfur: „Jú, kannski, en bara kannski. Svárið fer eftir því hvaða



Dagskrá fyrir boðsgesti var á 100 ára afmæli Hæstaréttar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það eru skiptar skoðanir um hvort mannréttindi eigi að leiða af sér túlkun sem þvingar aðildarríki til að tryggja dvalarleyfi fyrir erlenda glæpamenn.

Mads Bryde Andersen



gegn ríkjum í Norður-Evrópu, þar sem réttur til fjölskyldulífs kemur í veg fyrir brottvísun glæpamanna, réttur til einkalífs bannar hávaða frá flugvöllum og næturklúbbum [...] Þá erum við komin inn á svið samfélagsins þar sem viðhorfin eru mörg og öll jafn góð,“ sagði Andersen meðal annars í ræðu sinni.

Í svari Hæstaréttar við fyrirspurn Fréttablaðsins, um ástæður þess að Andersen var boðið að ávarpa gesti á afmæli réttarins, segir að ákveðið hafi verið að fyrirlesarar á samkomunni yrðu tveir, einn innlendur og annar erlendur. Um Andersen segir í svari Hæstaréttar:

„Mads Bryde Andersen prófessor við Kaupmannahafnarháskóla er einn fremsti fræðimaður á sviði lögfræði á Norðurlöndunum. Hann hefur í ræðu og riti látið sig miklu varða starfsemi og aðferðarfræði alþjóðlegra dómstóla og dómstóla á Norðurlöndum.“

adalheidur@frettabladid.is

DAG HVERN LESA

96.000

ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI

1.000 milljónir

Borgin sparar á kostnað

láglounafólks

Reykjavíkurborg sparar 1.000 milljónir ár hvert með því að láta ófaglært fólk vinna störf faglærðra á leikskólum í borginni. Samt hefur ekkert verið gert til að umbuna þessum hópi fyrir aukna ábyrgð, sívaxandi álag og erfiðar vinnuaðstæður.

Ófaglærðir starfsmenn á leikskólum eru lægst launaði hópurinn í íslensku samfélagi. Hár húsnæðiskostnaður í borginni og dýrar nauðsynjar valda því að margir í þessum hópi lifa við fátækramörk.

Þessi 1.000 milljóna sparnaður hlýtur að veita svigrúm til að tryggja þessum hópi sanngjörn kjör og mannsæmandi lífsviðurværi.

Leiðréttingu strax!

Samninganefnd Eflingar
við Reykjavíkurborg



SKOÐUN

Orð og efndir



Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Það eru blikur á lofti á íslenskum vinnumarkaði. Kjarasamningar langflestra opinberra starfsmanna hafa nú verið lausir í tæpa ellefu mánuði. Ótímabundið verkfall félagsmanna Eflingar hjá Reykjavíkurborg hófst í gær og aðildarfélög BSRB hafa boðað viðtækar verkfallsaðgerðir sem gætu hafist í næsta mánuði.

Til samanburðar liðu rúmir þrír mánuðir frá því að samningar á almennum vinnumarkaði losnuðu og þar til skrifað var undir Lífskjarsamninginn. Þótti mörgum nóg um og kostaði niðurstaðan töluverð atök og verkföll. Þess vegna er í raun mesta furða hvað opinberu félögin hafa sýnt mikla biðlund.

Formaður BSRB sagðist í viðtali í Fréttablaðinu í gær upplífa það þannig að viðsemjendur hefðu ekki tekið það alvarlega þegar bent hefði verið á hina miklu bið eftir samningum. Vissulega hafa átta aðildarfélög BHM samið við ríkið en öll eiga þau hins vegar ósamið við Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög. Í þeim samningum sem gerðir hafa verið við ríkið er að finna hækkanir umfram Lífskjarsamninginn fyrir hópa sem ekki eru á lægstu laununum. Það er því búið að setja forðæmi fyrir hækkunum umfram Lífskjarsamninginn fyrir tiltekna hópa.

Samninganefndir Eflingar og Reykjavíkurborgar munu loksins funda í dag en síðasti fundur var fyrir tæpum tveimur vikum. Vonandi munu viðræðurnar þokast áfram en af fenginni reynslu er lítil ástæða til bjartsýni.

Það er áhugavert að rifja upp samstarfssáttmála meirihlutans í borgarstjórn Reykjavíkur. Í kafla um skóla- og fristundamál segist meirihlutinn meðal annars ætla að „bæta starfsumhverfi í leikskólum, grunnskólum og fristundaheimilum með því að bæta kjör starfsfólks, stytta vinnuvikuna“. Þá segir í kafla um kynjajafnrétti og kjaramál að meirihlutinn ætli að leiðrétta laun kvennastétta.

Það liggur fyrir að meirihlutinn er ekki hlynntur hugmyndum Eflingar í þessum málum. Áhugavert væri hins vegar að heyra hvaða leiðir meirihlutinn vill fara til að ná fram markmiðum eigin sáttmála.

Þær raddir heyrast að verði borgin við kröfum Eflingar muni það leiða til óeðlilega lítills launamunar milli faglærðra og ófaglærðra starfsmanna á leikskólum. Ekki skal gert lítið úr þeim málflutningi en lausnin blasir auðvitað við. Það þarf líka að hækka laun menntaðra leikskólakennara. Samkvæmt lögum eiga tveir þriðju stöðugilda starfsmanna sem sinna kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla að hafa leikskólakennaramenntun eða aðra uppeldismenntun. Þetta hlutfall er undir 40 prósentum hjá Reykjavíkurborg. Af hverju ætli það sé?

Halldór



Frá degi til dags

Erfiðar erfðir
Tugþúsundir Íslendinga hafa rífið upp rafræn skilríki og tekið þátt í persónuleikaprófi Íslenskrar erfðagreiningar. Bolurinn er því greinilega áfjáður í að kynnst sjálfum sér betur, í það minnsta spennitari en Kári Stefánsson sem segist horfa á heildarmyndina.

Niðurstöðurnar eiga að gefa betri hugmynd um líffræðilegu ferlana að baki persónuleikanum og hvort eða hvernig þeir tengist einhverjum sjúkdómum. Það er hægt að setja spurningarmerki við sjálfsgreiningarhæfni almúgans en vonandi fyrirgefa afkomendur okkar okkur þegar þeir sjá svart á hvítu að við séum uppsprettan að þeim fjölmörgu kvillum sem munu vafalaust plaga þá.

Sjoppuleg líkkista
Sporðdrekin sem fannst á Akureyri rétt fyrir helgi drapst í haldi lögreglu. Ekki liggur fyrir hvort dánarorsök áttfætta nýbúans hafi verið af náttúrulegum völdum eða hvort slæm fangavist hafi gert útslagið. Það er þó ljóst að hann var að lokum sendur til Reykjavíkur í gömlu hrásalatsboxi.

Vonandi munu hin stjórnmerkin berjast fyrir betri útfararþjónustu ef ske kynni að þau tækju upp á að drepa fyrir norðan.

arnartomas@frettabladid.is

Bíðum ekki lengur



Sonja Ýr Þorbergsdóttir
formaður BSRB

Nú þegar styttest í að kjaraviðræður BSRB við ríki og sveitarfélög hafi staðið í heilt ár greiða félagsmenn aðildarfélaga bandalagsins atkvæði um verkföll. Atkvæðagreiðslan stendur fram á miðvikudag og verði aðgerðirnar samþykktar munu verkföll hefjast 9. mars.

Það er sannarlega ekki óskastaðan að við þurfum að beita verkfallsvopninu en þolinmæðin er löngu þrotin. Okkar félagsmenn bíða ekki lengur eftir sjálf-sögðum kjarabótum. Ef þetta er það sem við þurfum að gera til að knýja viðsemjendur okkar til þess að semja við sína félagsmenn verður svo að vera.

Stytting vinnuvikunnar án launaskerðingar er ein stærsta krafa BSRB og þar þarf að vanda til verka. Okkar kröfur ættu að vera vel aðgengilegar fyrir okkar viðsemjendur og við höfum sýnt mikla þolinmæði. Við höfum unnið mikla og góða heimavinnu með tilraunaverkefnum hjá ríki og Reykjavíkurborg sem sýnt hafa fram á kosti þess að stytta vinnuvikuna. Þrátt fyrir þennan góða undirbúning hafa viðsemjendur okkar dregið viðræðurnar endalaust og má segja að umræðan hafi ekki ratað á rétta braut fyrr en í byrjun þessa árs.

Enn á eftir að ná niðurstöðu í mörg risavaxin mál. Þar má nefna launahækkanir sem okkar félagsmenn hafa beðið allt of lengi eftir, jöfnun launa milli markaða og launabróunartryggingu. Við það bætist ávinnsla orlofs sem er til umræðu vegna laga-breytinga en ekki að kröfu launafólks. Þá bætist við sérmál í viðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga sem enginn átt von á þar sem sveitarfélögin virðast hafa einsett sér að mismuna starfsfólki sínu þegar kemur að launakjörum.

Við látum ekki bjóða okkur upp á frekari drátt á kjarabótum félagsmanna aðildarfélaga BSRB. Þess vegna hvetjum við félagsmenn til að sýna samstöðu, greiða atkvæði um verkfallsaðgerðir og knýja þannig viðsemjendur okkar til samninga. Atkvæðagreiðslur eru á hendi hvers félags og við hvetjum félagsmenn til að kynna sér málið og kjósa. Kjarsamninga strax!

Tannlækningar í Ungverjalandi

Sparaðu allt að 50-70%!

Fyrir

Eftir

Hafðu samband:
+ 36 70 942 9573

info@fedaszdental.hu
www.tannlaeknathjonusta.is

Viðskiptarísar á grunni nýrrar tækni



Orri Hauksson
forstjóri Símans

Þriðju kynslóðar farsíma-kerfin, 3G, voru fyrst opnuð í nokkrum löndum upp úr síðustu aldamótum. Símtækin sem í upphafi gátu nýtt þessa nýju tækni voru fá og óþjál. Viðskiptavinirnir létu sér fátt um finnst og jafnvel þeir nýjungagjörnu fundu rýra nýtingarmöguleika.

Þegar fyrsta 3G þjónustan á Íslandi fór í loftið í september 2007 voru nýkomnir á markað farsímar sem byrjuðu að bjóða upp á þægilegt viðmót til að nýta gagnagetuna. Einn sá framsýnasti var Steve Jobs sem kynnti fyrsta iPhone símann á sýningu í janúar 2007. Þar reyndist kominn fyrsti snjallsími heims sem almenningur tengdi vel við.

Vítamín félagslega hagkerfisins

Nú er svo komið að við getum fæst hugsað okkur hefðbundinn dag án þessa sitengda galdratækis. Tónlist, landakort, ljósmyndir, sjónvarp, staðsetningar, myndsköð, hlaðvörp, skilaboð, nám, heilsa, hreyfing, vinna, grín, eftirlit, sím-töl, viðskipti, fréttir, leitarvélar, fjármál, póstur, veður, orðabækur, leikir, félagsmiðlar. Eitt tæki tekur alla þessa þætti og fleiri með okkur í gegnum ferðalag dagsins. Hver



snjallsími hefur langtum meiri reiknigetu en þær tölvur sem komu fólki á tunglið og lifandi til baka á síðustu öld. Við bætist að símtækin geta á örskotsstund virkjað nær óendanlega reikni- og leitarvirkni í gagnaverum einhvers staðar úti í heimi, jafnvel til að hlýða talaðri spurningu okkar um mataruppskrift á meðan við rýnum í ísskápinn. Öflugri alþjónusta hefur mannkyn ekki kynnt.

Yngra fólk þekkir ekki tilveruna án þess að geta tengst netinu nánast hvar sem er, hvenær sem er. Það var 3G sem breytti nettengdum heimi okkar og setti hann í lófann á okkur. 4G, WiFi, Bluetooth og fleiri þráðlausar lausnir opnuðu þennan heima á enn víðari og fjölbreyttari

vegu. Á grunni tækni sem nú þykir sjálfsögd risu á örfáum árum iðngreinar, viðskiptamódel og alþjóðleg viðskiptaveldi sem áður voru óhugsandi.

Hvað næst?

Þá er spurningin: Hvernig munu næst útgáfur fjarskiptatækni, svo sem 5G og hlutanetið (IoT), hjálpa okkur í leik og starfi? Öræður sjóndeildarhringur blasir við okkur sem fyrr. Við getum ekki séð fyrir nema lítinn hluta þeirra möguleika sem snjallir frumkvöðlar munu nýta sér með nýju og endurbættu grunnlagi.

Víst er að ekki verður aðeins hugað að þáttum sem gera líf okkar auðveldara, skemmtilegra og innihaldsríkara, heldur einnig að draga

úr sóun og tryggja sem besta nýtingu verðmæta. Við vitum nógu mikið til þess að átta okkur á því að nýr tæknigrunnur skapar ný tækifæri fyrir þjóðarhag, viðskipti og lífsgæði.

Fjarstýrðir aðgerðarþjarkar

Nýjungar eru ekki án áhættu. Huga þarf að persónuvernd, heilsu fólks vegna nýrrar tíðnivotkunar og félagslegum og sálrænum ögnum, sem svo öflug tækni getur skapað ef hún er ofnotuð eða misnotuð. En möguleikarnir á að bæta líf fólks eru líka endalausir.

Umferðaröryggi má bæta og það löngu áður en sjálfkeyrandi bílar koma til sögunnar. Einn möguleikinn er til dæmis sá að bílar munu

geta „talað“ saman í rauntíma og látið bílstjóra sína vita af hálfu sem er fram undan á veginum. Heilbrigðisþjónusta mun breytast með langtum skemmri svörunartíma. Nettengdir læknar munu geta fjarstýrt þjörkum við fjölmargar algengar aðgerðir. Þannig má auka til muna aðgengi að hátaekni heilbrigðisþjónustu í dreifðum byggðum eða úti á sjó, auk þess að spara fé og sjúklingum og læknum ferðalög, tafir og óþægindi.

Staðbundin 5G net á iðnaðarsvæðum ásamt tengdum skynjurum munu auka öryggi starfsfólks, minnka afföll við framleiðslu og þannig gera reksturinn arðbærari svo að meira verði til skiptanna. Snjöll mælitækni í húsum mun geta bætt nýtingu á heitu vatni og rafmagni. Þetta eru bara örfá dæmi um það sem talið er að ný tækni muni leiða af sér.

Samstillt átak

Ef vel tekst til mun ný tækni brúa fjarskiptagjana sem í dag skilur að þéttbýlisstaði í dreifbýli og suðvesturhornið. Uppbygging alls landsins er risavaxið verkefni sem ekkert eitt fjarskiptafyrirtæki mun ráða við. Leiðin að þessu marki er samnýting grunninnviða, reglverk sem horfir fram á við en ekki í baksýnispegilinn og umhverfi sem tryggir sem skynsamlegasta nýtingu þeirra fjármuna sem fyrirtækin hafa yfir að ráða til fjárfestinga. Mikið liggur við að ríki, sveitarfélög og fjarskiptafyrirtæki vinni saman að þessu mikilvæga verkefni.



Innovation
that excites

NISSAN

QASHQAI 4X4

SJÁLFSKIPTUR



NÝR QASHQAI ACENTA
VERÐ: 5.340.000 KR.

Gríptu einn nýjan Nissan Qashqai með sjálfskiptingu og hinu fullkomna Nissan Intelligent fjórhjóladrifi. Nissan Qashqai er einn best útbúni sportjeppinn á markaðnum. Honum fylgir fullkomið leiðsögukerfi með Íslandskorti, 7" upplýsingaskjár með samþættingu við snjallsíma, bakkmyndavél, 17" álfelgur og margt fleira.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilas.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY



SPORT

Fjögur lönd koma til greina

FÓTBOLTI „Við erum aðeins búin að þreifa fyrir okkur í þessu máli en í sjálfu sér erum við bara að biða. Auðvitað gerum við allt til þess að leikurinn fari fram hér á Laugardalsvelli og erum að vinna eftir því en við vitum líka að hlutirnir geta breyst snögglega. Möguleikinn er enn til staðar, að við þurfum að fara með leikinn utan á síðustu stundu, ef það kemur í ljós að veðrið fer að versna og að það gengur hrið yfir landið vikuna í kringum leikinn,“ segir Guðni Bergsson, formaður KSÍ, aðspurður hvort UEFA sé búin að setja niður lokadagsetningu um að völlum verði leikhæfur fyrir leik Íslands og Rúmeníu.

Knattspyrnusambandið gæti því þurft að hafa hraðar hendur ef veðrið fer illa með Laugardalsvöll á næstu vikum. Að sögn Guðna er búin að ræða mögulega leikstaði.

„Við höfum velt fyrir okkur bæði Danmörku, Svíþjóð, jafnvel Þýskalandi og Englandi, og gert ákveðna forkönnun á því.“ Þrátt fyrir glímuna við íslenska veðráttu er Guðni bjartsýnn á að leikurinn fari fram á Íslandi og er afar ánægður með starfið sem vallarstarfsmenn hafa unnið til þessa.

„Það er gríðarlegur undirbúningur að baki og verið að vinna gott verk til að gera hvað sem í boði stendur til að leikurinn fari fram hér á okkar heimavelli. Auðvitað er



Við höfum velt fyrir okkur bæði Danmörku, Svíþjóð, jafnvel Þýskalandi og Englandi, og gert ákveðna forkönnun á því.

Guðni Bergsson, formaður KSÍ




ærinn tilkostnaður sem fylgir þessu en fyrst og fremst er það gott vinnuframlag og mikil fagmennska sem mun vonandi skila völlum í gott stand fyrir leikinn gegn Rúmenum.“

Guðni segir að kostnaðaráætlunin við að undirbúa völlum geri ráð fyrir að þessar framkvæmdir kosti KSÍ 64 milljónir íslenskra króna.

„Þetta er því miður allt of dýrt. Það er peningur sem við værum til í að setja í eitthvað annað en þetta er það sem til þarf til að takast á við þessa vetrarleiki,“ segir Guðni og heldur áfram:

„Við erum komin á þann stað að við þurfum að fá nýjan völl ef við ætlum að vera áfram samkeppnishæf í fremstu röð. Þetta er fjárfesting sem verður að fara í og það er kominn tími á það, 63 árum eftir að völlum var vígður.“ – kpt



Ákvörðun um endurnýjun þjóðarleikvangs er ekki unnt að taka nema ítarlegar upplýsingar liggi fyrir um kostnað, hönnun, umhverfi og skipulag. Stofnkostnaður kemur frá opinberum aðilum. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Aldrei meira tap af völlum en í fyrra

Tap af rekstri Laugardalsvallar hefur aldrei verið jafn mikið á ári frá því KSÍ fór að greina frá tekjum og gjöldum hans. Tapið hefur numið 287 milljónum síðan 2013. Nýr völlum myndi snúa þróuninni við samkvæmt formanni KSÍ.

FÓTBOLTI Frá því að KSÍ fór að greina sérstaklega rekstrartekjur og -gjöld Laugardalsvallar árið 2014 í ársskýrslum sínum hefur 287 milljóna króna tap verið af rekstri vallarins. Tapið hefur aldrei verið jafn mikið og á síðasta ári en í ársskýrslu KSÍ sem birtist um helgina má sjá að tapið af völlum var 89,4 milljónir króna. Gert er ráð fyrir í rekstraráætlun KSÍ fyrir árið 2020 að tekjur af völlum verði 42,5 milljónir en kostnaður verði alls 159 milljónir. Þar af muni umspilið við Rúmena kosta 64 milljónir króna. Það er því gert ráð fyrir 116,5 milljóna taprekstri á völlum.

Í greinargerð með ársreikningnum kemur fram að rekstrar-kostnaður vallarins hafi verið ríflega 12 milljónum hærri en ætlað var. Helstu ástæður eru kostnaður vegna starfsloka sem hafi verið meiri en áætlun gerði ráð fyrir, rekstur mannvirkja var um átta milljónum hærri vegna aukins viðhalds vallarins og mannvirkja og þá var ræsting, hreinsun vallar og umhverfis hans yfir áætlun.

Kostnaður við öryggisgæslu var um tveimur milljónum yfir áætlun vegna aukinna krafna og aðstæðna á Laugardalsvelli sem gera öryggisgæslu erfiða. Að auki kölluðu sérstakar aðstæður á einstökum leikjum á aukinn viðbúnað.

Á liðnu vori var ljóst í hvað stefndi með rekstur Laugardalsvallar. Stjórn KSÍ samþykkti að senda bréf á Reykjavíkurborg í júní vegna aukins kostnaðar við rekstur vallarins og fór fram á endurskoðun á samningi vegna forsendubrests í samræmi við ákvæði hans. Samningurinn gildir út árið 2025. Þetta erindi er enn í ferli og vinnslu hjá Reykjavíkurborg, segir enn fremur í greinargerðinni. Tekjurnar voru einnig 15 milljónum

Aðeins tveir kostir í boði

Í fundargerð KSÍ frá því í júní í fyrra kemur fram að undirbúningsfélag um framtíð Laugardalsvallar hafi hist í fyrsta sinn. Félagið var stofnað í kjölfar vinnu starfshóps sem ríkið og Reykjavíkurborg með KSÍ skipaði um uppbyggingu Laugardalsvallar.

Starfshópurinn kynnti tvo kosti þegar kemur að nýjum Laugardalsvelli. Annars vegar

opinn knattspyrnuvöll sem rúm- aði 17.500 manns í sæti í stókum umhverfis völlum og hins vegar fjölnotalaikvang með opnanlegu þaki og 20.000 sætum. Sá völlum myndi einnig gera aðstöðu til viðburðahalds á Íslandi betri og þar af leiðandi gefa færi á auknum tekjum vegna annarra viðburða sem ella gætu ekki farið fram á Íslandi.

Tap á Laugardalsvelli

2013	66 m.kr.
2014	33 m.kr.
2015	26 m.kr.
2016	14,8 m.kr.
2017	16,2 m.kr.
2018	41,7 m.kr.
2019	89,4 m.kr.

minni. Munar þar mest um 11 milljónir vegna leikja Fram, en Framarar tóku þá ákvörðun um vorið að spila ekki á völlum. Þá er ekki gert ráð fyrir tónleikahaldi og leigu húsnæðis til skólahalds og munar þar um 48 milljónir.

Í pistli Guðna Bergssonar, formanns KSÍ, í ársskýrslu sambandsins segir hann að kostnaður hafi aukist og reksturinn þungast. „Völlum er rekinn með miklu tapi í dag og það mun breytast með nýjum leikvangi. Reykjavíkurborg gæti því lagt til nokkurn veginn það fjármagn, uppsafnað, sem hún þarf að greiða til vallarins á næstu áratugum og byggt frekar nýjan völl með aðkomu ríkisins.“

Nýr Laugardalsvöllum hefur lengi verið á teikniborðinu en lítið hefur gerst síðan þáverandi formaður KSÍ, Geir Þorsteinsson, sagði að

Laugardalsvöllum væri orðinn barn síns tíma fyrir ansi mörgum árum. Núverandi formaður segir í pistli sínum um fyrirhugaðar framkvæmdir á Laugardalsvelli að útboðsferli um frekari þarfagreiningu og áætlanagerð fyrir endurbyggingu Laugardalsvallar sé í gangi.

„Þetta ferli hefur tekið of langan tíma að mínu viti en þetta er vissulega stór ákvörðun og framkvæmd ef af verður.“

Ég er bjartsýnn á að jákvæð ákvörðun í þessu máli muni liggja fyrir síðar á þessu ári.“ Í skýrslu KPMG sem kynnt var í borgarráði Reykjavíkurborgar þann 10. apríl 2018 kemur fram að nýr völlum eigi að risa vorið 2021.

Í skýrslu mannvirkjanefndar KSÍ segir að málefni nýs Laugardalsvallar séu enn í undirbúningi á vegum undirbúningsfélags sem KSÍ er aðili að ásamt Reykjavíkurborg og ríkisvaldinu.

„Á næstu vikum og mánuðum mun vera að vænta frekari fregna úr þeirri vinnu sem þar er í gangi. Guðni Bergsson formaður KSÍ er fulltrúi sambandsins í því undirbúningsfélagi.“

benediktboas@frettabladid.is



FÉLAGSRÁÐGJAFAPING 2020

Skiljum enga eftir

VIRÐING - VIRKNI - VELFERÐ

Hilton Nordica Reykjavík
21. feb. kl. 8:30-16:40

Á dagskrá er 21 málstofa þar sem félagsráðgjafar fjalla um fjölbreytt verkefni á vettvangi auk rannsókna sem sýnir þá grósku sem býr innan stéttarinnar. Fjallað verður um málefni barna, umönnunarábyrgð aðstandenda, endurhæfingu, ofbeldi á heimilum, geðheilbrigði, öldrunarþjónustu, snemmtæka iðlutun og fjölmenningu. Á þinginu verða lykilyfyrirlesarar frá Noregi og Hollandi. Jafnframt verða tveir íslenskir fyrirlesarar sem kynna niðurstöður rannsókna meðal félagsráðgjafa á Íslandi.

Allir velkomnir!

felagsradgjof@felagsradgjof.is



Aðalfundur

Aðalfundur **Reita fasteignafélags hf.** verður haldinn kl. 15.00, þriðjudaginn 10. mars 2020 í Þingsal 2 á Hótel Reykjavík Natura, Nauthólsvegi 52, 101 Reykjavík.

Dagskrá fundar

- Stjórn skýrir frá rekstri félagsins og hag þess á liðnu ári.
- Ársreikningur og samstæðureikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til staðfestingar.
- Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu starfsári.
- Tillögur stjórnar lagðar fyrir aðalfund:
 - Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
 - Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum.
 - Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
 - Tillaga um breytingu á 6. gr. samþykktar félagsins varðandi vísun til verðbréfamiðstöðvar.
 - Tillaga um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar.
 - Tillaga um skipun nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
- Kosning stjórnarmanna félagsins.
- Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
- Ákvörðun um laun stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar fyrir komandi starfsár.
- Önnur mál, löglega upp borin.

Upplýsingar

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja aðalfund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboðsform er að finna á aðalfundarvef félagsins, www.reitir.is/adalfundir. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrr er.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflaga. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist á skrifstofu félagsins eða á netfangið adalfundur@reitir.is eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 15.00 fimmtudaginn 5. mars 2020.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund, þ.e. fyrir kl. 15:00 að íslenskum tíma, laugardaginn 29. febrúar 2020. Hægt er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á netfangið adalfundur@reitir.is og munu þær verða birtar samdægurs á aðalfundarvef félagsins.

Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum komi fram krafa um slíkt á fundinum frá einhverjum atkvæðis- bærra fundarmanna eða fundarstjóri úrskurðar um slíkt. Stjórnarkjör skal vera skriflegt ef framboð koma frá fleirum en kjósa skal um. Hluthafar geta gert kröfu um hlutfalls- eða margfeldiskosningu í samræmi við ákvæði samþykktar félagsins. Slík krafa þarf að hafa borist stjórn að lágmarki fimm sólarhringum fyrir aðalfund, þ.e. fyrir kl. 15.00 fimmtudaginn 5. mars 2020.

Tilkynningum um framboð til stjórnar félagsins skal skilað eigi síðar en sjö sólarhringum fyrir aðalfund, þ.e. fyrir kl. 15:00 að íslenskum tíma, þriðjudaginn 3. mars 2020, á skrifstofu félagsins í Kringlunni 4–12 í Reykjavík eða á netfangið adalfundur@reitir.is. Framboðstilkynningar skulu uppfylla skilyrði 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Jafnframt skulu frambjóðendur greina frá því hvort þeir telji sig óháða félaginu og stórum hluthöfum þess samkvæmt skilyrðum í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eins og þau eru skilgreind á hverjum tíma. Framboðseyðublað er að finna á aðalfundarvef félagsins. Upplýsingar um frambjóðendur verða birtar eigi síðar en sex sólarhringum fyrir aðalfund.

Aðalfundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað, óháð fundarsókn, sbr. 13. gr. samþykktar félagsins.

Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku. Dagskrá aðalfundar og fundargögn, þ.á m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir aðalfund verða aðgengileg á aðalfundarvef félagsins. Einnig verða gögnin til sýnis fyrir hluthafa á opnunartíma skrifstofu félagsins í Kringlunni 4–12 í Reykjavík. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar á aðalfundarvef félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfund.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 14.30 á aðalfundardag.

Reykjavík, 17. febrúar 2020, Stjórn Reita fasteignafélags hf.

TÍMAMÓT



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Ragnheiður Hildigerður Hannesdóttir

frá Litla-Vatnshorni, Haukadál, síðast Sléttuvegi 21, Reykjavík,

andaðist laugardaginn 15. febrúar á hjúkrunarheimilinu Grund við Hringbraut. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 20. febrúar kl. 11.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Blindrafélagið, Hamrahlíð 17 – sími 525 0000.

Trausti Viglundsson
Guðrún Stefania
Viglundsdóttir

Ásgeir Sævar Viglundsson

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Kristín Bertha Harðardóttir
Heiðar Gíslason



Elsku besta mamma okkar, tengdamamma, amma, langamma og langalangamma,

Anna Tyrfingsdóttir

Ljósheimum, áður til heimilis að Hólalastekk 8, Reykjavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, miðvikudaginn 12. febrúar. Jarðarför Önnu fer fram frá Áskirkju þann 24. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið – endurhæfingu fyrir krabbameinsgreinda. Reikningur 0130-26-410420 og kt. 590406-0740.

Anna Jarprúður Ingólfssdóttir

Þórunn Ingólfssdóttir

Kristín Brynja Ingólfssdóttir

Ásgerður Ingólfssdóttir

Björgvin Njáll Ingólfsson

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

Thorbjörn Engblom

Jón Finnur Ólafsson

J. Pálmi Hinriksson

Sóley Andrésdóttir

Sóley Andrésdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jónína Gunnarsdóttir

frá Tobbakoti, Þykkvabæ,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð mánudaginn 10. febrúar, verður jarðsöngin frá Kópavogskirkju, á morgun, miðvikudaginn 19. febrúar, klukkan 13.00. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sunnuhlíðar fyrir hlýja og góða umönnun.

Kolbrún, Björn, Unnur, Hafdis
makar, barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær frænka okkar,

Kolbrún Jensdóttir

hjúkrunarfræðingur,

sem lést mánudaginn 10. febrúar, verður jarðsöngin frá Áskirkju í Reykjavík, miðvikudaginn 19. febrúar, klukkan 13.00.

Katrín Maria Elinborgardóttir

Þorlákur Jónsson

Ísak Jónsson

Sóley Kristín Jónsdóttir

Axel Viðar Egilsson

Pétur Már Egilsson



Elsku frændi okkar og vinur,

Sigurður Pétursson

Hrólfsskála, Seltjarnarnesi,

lést á heimili sínu þann 26. janúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Sigríður Sigmundsdóttir
Sigrún Sigurðardóttir
Anna Svanhildur Sigurðardóttir
Fabio La Marca

Steinar Örn Atlason

Hermann Ársælsson
Halldór Gunnarsson

Karen Emilia
Barrysdóttir Woodrow
Edda Björnsdóttir



Tómas við nýja bílinn með sýnishorn af því sem hreinsað er úr fjörum landsins.

Þjóðin er í liði með mér

Blái herinn sem hreinsar strendur hafsins á 25 ára afmæli í ár. Tómas Knútsson, stofnandi Bláa hersins, segir þó aðaltímamótið þau að hafa fengið þjóðina í lið með sér.

Blár Hilux-jeppi var afhentur Bláa hernum til afnota um helgina á jeppasýningu Toyota í Kaupþúni. Tómas Knútsson, stofnandi Bláa hersins, er ánægður með þann feng, enda hefur herinn hans fulla þörf fyrir öflugan bíl við hreinsun á ströndum hafsins og hann segir Hilux-inn skipta sköpum fyrir starfseminu. En þetta er ekki fyrsti billinn sem hann

fær frá Toyota. „Samstarf Toyota og Bláa hersins hefur staðið lengi,“ lýsir hann.

Blái herinn heldur upp á 25 ára afmæli sitt á þessu ári. Tómas segir afmælið vissulega tímamót. Hitt séu þó enn meiri tímamót að augu almennings skuli hafa opnast fyrir þörfinni á starfsemi Bláa hersins. „Ég fagna því að skilningur er að aukast á því að fjöurnar hreinsa sig ekki sjálfar,“ segir hann. „Það er tímafrekt að tina upp það sem hafið skilar á

land af því sem við mennirnir köstum eða missum í sjóinn.“

Tómas, sem er kafari, kveðst hafa komið auga á þörf fyrir hreinsun strandanna á undan flestum en fáir hafi trúað honum í byrjun. Nú hafa um 1.550 tonn af rusli verið hreinsuð á vegum Bláa hersins frá því hann var stofnaður og á bak við þann árangur eru um 65.000 vinnustundir hjá 6.000 sjálfbodaliðum. gun@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar,

Katrín Elíasdóttir

Neshömrur 8, Reykjavík,

lést sunnudaginn 2. febrúar

á hjúkrunarheimilinu

Droplaugarstöðum. Útför hennar

hefur farið fram í kyrrþey. Starfsfólki

Droplaugarstaða er þökkuð umönnun hennar.

Björn Ólafsson

Örn Ólafsson

tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

Elías Ólafsson

Ingibjörg Ólafsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Vigdís Pálsdóttir

lést 5. febrúar sl. Að ósk hinnar látnu

för útförin fram í kyrrþey.

Páll Vilhjálmsson

Hanna Björg Vilhjálmisdóttir

Garðar Vilhjálmsson

Inga María Vilhjálmisdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Guðbjörg R. Guðmundsdóttir

Ásta Steinunn Eiríksdóttir

Gestur Páll Reynisson



Ástkær móðir mín,

Ingibjörg Aðalheiður Jónsdóttir

lést á Hrafnistu í Reykjavík þann 7. febrúar sl. Útför hennar fer fram frá Laugarneskirkju, fimmtudaginn 20. febrúar kl. 13.

Halldór Guðni Sigvaldason



Ástkær eiginkona mín,

tengdamóðir, amma og langamma,

Ásta Kristjánsdóttir

lést á Landspítalanum í Fossvogi

mánudaginn 10. febrúar. Útför hennar

fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi,

fimmtudaginn 20. febrúar, klukkan 11.00.

Hákon Torfason

Hallgrímur Þór Ingólfsson

Hákon Hallgrímsson

Unnur Hallgrímsdóttir

Þór Hallgrímsson

Hrefna Guðmundsdóttir

Sandra Heimisdóttir

og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þórdís Todda Ólafsdóttir

Boðapíngi, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu

Boðapíngi Kópavogi þann 10. febrúar.

Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju

föstudaginn 21. febrúar klukkan 13.

Jón Þorsteinn Arason

Ari Jónsson

Ólafur Hafsteinn Jónsson

Þór Jónsson

Ægir Jónsson

Helgi Rúnar Jónsson

Þorsteinn Geir Jónsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Sigríður Ellen Þórisdóttir

Jónína Sóley Hjaltadóttir

Eyrún Karlsdóttir

Morgan Storm Francissosson

Linda Björk Guðmundsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



PRÍÐJUDAGUR 18. FEBRÚAR 2020

Heilsa

**EINSTAKT
KOLLAGEN
RAKAKREM**

**GEFUR GÓÐA
NÆRINGU OG
MIKINN RAKA**



Fæst í flestum apótekum, Heilsuver,
www.lyfja.is og www.heilsanheim.is

Grunnur að meiri hamingju

Þorvaldur Ingi Jónsson er viðskiptafræðingur og Qigong kennari. Hann hefur lært hjá þekktum Qigong meisturum en hans fyrsti meistari var Gunnar Eyjólfsson leikari. Qigong eru ævaforðar kínverskar lífsorkuæfingar sem eru styrkjandi fyrir líkama og sál. ➔2

Þegar við stundum Qigong lífsorkuæfingar þá erum við að njóta þess að vera hluti af hreinni náttúrunni.



Í Kína hafa verið gerðar margar rannsóknir á áhrifum Qigong sem staðfesta mátt æfinganna til alhliða heilsubótar og lækninga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun@frettabladid.is



Þorvaldur Ingi Jónsson hafði lengi leitað að æfingum sem gætu hentað honum til alhliða heilsuefingar og hafði prófað ýmislegt þegar hann rataði á fyrsta Qigong námskeiðið hjá Gunnari Eyjólfsyni leikara fyrir 10 árum. Síðan þá hefur hann sótt námskeið á hverju ári hjá þekktum Qigong meisturum til að dýpka þekkingu sína.

„Gunnar var einstakur og lagði sérstaka áherslu á hugleiðsluna í æfingunum. Áherslan er á lífsmátann og viðhorfin til lífsins. Að við ræktum hugarfar leiðtogans og tökum ábyrgð á eigin lífi. Við leggjum áherslu á að við berum aldrei með okkur reiði eða langrækni, horfum bjartsýn til framtíðar, njótum andartaksins og byggjum upp sterka núvitund og einbeitingu,“ segir Þorvaldur.

„Qi er lífsorkan frá himni og jörðu. Þegar við stundum Qigong lífsorkuæfingarnar þá erum við að njóta þess að vera hluti af hreinni náttúrunni. Við hreinsum og styrkjum hverja frumu líkamans. Qigong hefur verið stundað í Kína í yfir 5.000 ár. Þar hafa verið gerðar margar rannsóknir á áhrifum Qigong sem staðfesta mátt æfinganna til alhliða heilsubótar og lækninga,“ segir Þorvaldur.

„Qigong er í raun ekki íþrótt heldur lífsmáti. Þessi lífsmáti hefur hjálpað mér til að halda betur bæði andlegri og líkamlegri heilsu. Aukið jákvæðni og viljastyrk. Það má því segja að regluleg ástundun Qigong lífsorkuæfinganna sé alhliða heilsubót fyrir mig og grunnur að minni hamingju.“

Þorvaldur er viðskiptafræðingur með MS-gráðu í stjórnun og stefnumótun. Hann hefur mikinn áhuga á góðum stjórnarháttum þar sem allir geta notið sín til fulls í vinnu og leik. „Um leið og við öðlumst innri styrk og erum óhrædd



Starfsfólk Sjúkratrygginga Íslands gerir Qigong æfingar með Þorvaldi.

við að standa með okkur og vera gefandi manneskjur, þá erum við leiðtogar í okkar eigin lífi. Þá tökum við ábyrgð á okkur um leið og við viljum að allir njóti sín sem allra best. Það eru þessi lífsviðhorf sem við erum að rækta með okkur þegar við tileinkum okkur Qigong lífsmátann,“ útskýrir hann.

Byggir á 5.000 ára þekkingu

Þorvaldur segir að Qigong lífsorkuæfingar hafi mjög styrkjandi áhrif bæði andlega og líkamlega. „Eins og ég nefndi þá byggir Qigong á 5.000 ára þekkingu og reynslu. Við verðum til úr 23 litningum frá móður og föður, upphafið er ein fruma. Því er rök-rétt að segja að allar upplýsingar um okkur séu í okkur sjálfum,“ útskýrir hann. „Við þekkjum öll að þegar við erum lengi í erfiðum tilfinningum, allt frá kvíða og reiði að djúpri sorg, þá hættir líkamstarfsemin að virka rétt. Svefninn verður slæmur og við endum í orkuleysi og veikindum. Ég legg áherslu á, eins og Gunnar gerði, að við byrjum aldrei æfingarnar fyrr en við höfum stillt okkur inn á

jákvæðan huga. Tíminn í æfingunum er í raun heilög stund fyrir hvern og einn. Við hvílum hugann um leið og við njótum áhrifaríkrar hugleiðslu, hreyfingar og öndunar. Við opnum á hreinsandi orkuflæði um allan líkamann. Í lok æfinganna göngum við út í lífið brosandi, fullhlaðin þeirri orku sem við þurfum á að halda.“

Samkvæmt asískum fræðum hafa hugsanir áhrif á líffærin og lífsorkuna að sögn Þorvaldar. „Brosið og jákvæður hugur hefur mjög sterk heilandi áhrif en niðurbrjótandi hugsanir hafa slæm áhrif.“

Stress hefur áhrif á magann eins og þekkt er en Þorvaldur segir að færri viti að sorgin hafi áhrif á lungu og ristil, reiði hafi áhrif á lifrina og óttinn hafi áhrif á nýrun. Hann segir allar þessar tilfinningar eðlilegar en þegar þær vara lengi geta þær haft mjög slæm áhrif á heilsuna.

„Í Qigong tölum við um lykil-orkustöð líkamans, Dan-tian á kinnversku, rétt fyrir neðan nafla. Langvarandi ótti og kvíði hafa sérstaklega slæm áhrif á starfsemi

„Ein leiðin til að taka ábyrgð á eigin lífi og heilsu er regluleg ástundun Qigong lífsorkuæfinga.“

nýrna og veikja eðlilega líkamstarfsemi. Við missum orkuna, eldurinn í Dan-tian slokknar og við verðum algerlega orkulaus. Við höfum heyrt fólk sem hefur endað í kulnun segja: „Þegar ég vaknaði einn morguninn komst ég varla fram úr rúminu, ég var algerlega orkulaus.“ Með ákveðnum Qigong æfingum getum við hreinsað líffærin og byggt upp jákvætt hugarfar. Við öndum frá okkur öllu dökku um leið og við fyllum okkur hreinni, tærri orkunni. Æfingarnar eru einfaldar en mjög áhrifaríkar til heilunar og styrkingar líffæra. Þegar orkubrautir eru

opnar og hreinar getur líkaminn unnið sitt verk. Innri þekking, frá fyrstu frumunni, virkar sem allra best. Við finnum að orkan eykst og okkur fer að líða betur andlega og líkamlega,“ segir Þorvaldur.

Fyrir unga sem aldna

Það eru til um það bil 3.000 Qigong æfingar. Lífsorkuæfingarnar eru einfaldar og flestir eiga að geta gert þær. „Þetta er samhfæfing öndunar, hreyfingar og hugleiðslu. Við stöndum oft með axlarbreidd á milli fóta og sjáum okkur sem sterk falleg tré, drögum að okkur orku frá himni og jörðu. Áherslan í æfingunum er á að við hugsum ekkert, erum bara að njóta. Við erum að hlaða okkur hreinni tærri orkunni,“ segir Þorvaldur.

Hann leggur áherslu á að Qigong sé bæði fyrir unga sem aldna. „Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, byrjaði að stunda Qigong æfingar undir leiðsögn Gunnars Eyjólfssonar árið 1994. Á okkar fundum hefur hún oft nefnt áhyggjur sínar af kvíða hjá ungu fólki og nefnt að Qigong æfingar gætu hjálpað. Við lifum við ótrúlega mikið ytra áreiti. Við þurfum öll að gefa okkur tíma til að fara að hjarta okkar, sýna okkur kærleika og virðingu. Með þessari innri styrkingu í hugleiðslu og hreyfingu finnum við hvert og eitt okkar innri styrk og byggjum upp jákvæðan huga,“ segir Þorvaldur.

„Hamingjan byrjar innra með hverjum og einum. Lærum að brosa til hjartans. Ein leiðin til að taka ábyrgð á eigin lífi og heilsu er regluleg ástundun Qigong lífsorkuæfinga. Ég vona að sem flestir gefi sér tíma til að kynna sér Qigong. Það eru reglulega haldin námskeið og æfingatímar í Qigong í Tveimur heimum og ég er byrjaður að halda námskeið úti um land. Munum að brosa og styðja hvert annað. Kærleikur og friður ríki.“

Frekari upplýsingar um Qigong má finna á Facebook-síðunum Qigong lífsorka og Tveir heimar.

Fáðu sjálfa þig tilbaka!

Ný TT-námskeið
hefst 24. febrúar

Krefjandi og markviss líkamsþjálfun,
sex vikna matarlisti, ummálmæling, vigtun
og vikulegir póstar.
Njóttu þess að finna hvernig fötin passa þér betur,
öll hreyfing verður léttari og skemmtilegri
og þú verður líkari sjálfri þér!

Kynntu þér málið á jsb.is
Innritun í síma 581 3730

LÍKAMSRÆKT

JSB

leggur línurnar

Markviss, fjölbreytileg og öflug líkamsrækt
fyrir konur og stelpur sem tekur mið af þörfum ólíkra hópa
og skilar auknum krafti, hreysti og vellíðan.

Velkomin í okkar hóp!
Innritun og nánari upplýsingar
í síma 581 3730 og á jsb.is

Kostirnir við kossaflens

Að kyssast á munninn er góð leið til að deila bakteríum og sums staðar er það talið ógeðslegt. En hvers vegna sýnum við hvort öðru ást á þennan hátt og ætli kossar hafi einhverja kosti?

Oddur Freyr
Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Nú er Valentínusardagur að baki og meðfylgjandi kossaflensi lokið. Eins og kom fram í fréttum síðustu viku hefur fólk ólíkar hugmyndir um hvað sé viðeigandi að gera á almannafæri í þeim efnum og því er ekki að neita að kossar eru góð leið til að dreifa bakteríum. Því er kannski eðlilegt að velta fyrir sér hvers vegna fólk kys að sýna hvert öðru ást með kossum.

Að deila munnvatni er góð leið til að skiptast á bakteríum og í ýmsum menningarhópum kyssist fólk ekki á munninn. Vísindamenn frá Nevada-háskóla í Las Vegas rannsökuðu 168 menningarhópa og komust að þeirri niðurstöðu að bara 46% þeirra stunduðu það að kyssast á munninn á rómantískan eða kynferðislegan hátt. Þannig að kossar eru ekki bara venjuleg mannleg hegðun, heldur eru þeir menningarbundnir.

Fylgir flóknum félagskerfum

Vísindamennirnir komust að þeirri niðurstöðu að því flóknari sem félagskerfi væru innan menningarhóps, þeim mun algengari væru rómantískir eða kynferðislegir kossar. Samfélög sem eiga uppruna sinn sunnan Sahara-eyðimerkur og í Nýju-Gíneu kyssast ekki á munninn og það sama gildir um frumbyggja Amason-frumskógar.

Árið 2014 fannst Mehinaku-fólkinu, sem eru frumbyggjar frá Brasilíu, það einfaldlega ógeðslegt að kyssast.

Kossar gætu því hafa þróast samhliða bættri tannhirðu eða þegar yfirstéttarhópar sem vilja sýna tilfinningar sínar opinberlega verða til.

Mannapar kyssast líka

En þó að rannsóknin frá Nevada gefi í skyn að kossar séu nýleg leið til að sýna ástúð er minnst á kossa í 3500 ára gömlum texta frá Indlandi, svo þeir hafa tíðkast lengi í ákveðnum samfélögum.

Til að reyna að skilja hvers vegna fólk kyssist skoðuðu vísindamenn dýr. Simpansar kyssast eftir átök til að ná sáttum, en það virðist ekkert tengjast rómantík.



Spurt er af hverju fólk vill deila munnvatni. Ein kenningin er sú að kossar séu tákn um skuldbindingu og þeir sýni að maður sé tilbúinn til að taka áhættuna á að fá smitsjúkdóma með því að vera nálægt einhverjum. MYND/GETTY



Simpansar kyssast eftir átök til að ná sáttum, en það virðist ekkert tengjast rómantík. Bonóbó-apar kyssast líka nokkuð oft, en það er ekki víst að kossarnir tengist ást en þessi tegund apa er sögð vera afar lauslát. MYND/GETTY

tik. Bonóbó-apar kyssast líka og nota meira að segja tungurnar, en Bonóbó apar eru svo lauslátir að kynlíf er næstum eins handaband í þeirra augum, svo það er ekki víst að kossarnir tengist ást.

Ýmsar kenningar

Svo virðist sem engin önnur dýr stundi það að deila munnvatni

sín á milli á sama hátt, en það gæti tengst því að flest dýr hafa öflugra þefskyn en við og geta þefað uppi ferómón til að átta sig á frjósemi tilvonandi maka. Vísindamenn frá Oxford-háskóla telja að þar sem þefskyn okkar sé ekki jafn öflugt noti margir kossa til að meta mögulegan maka. Þannig að kossar gætu einfaldlega verið

félagslega viðurkennd aðferð til að nema ferómón.

Þeir gætu líka þjónað því hlutverki að styrkja tengsl milli para, jafnvel þó þessi hegðun sé í raun bara „leikrit“ sem samræmist hugmyndum fólks um hvað sé eðlileg kynhegðun.

Síðan segir önnur kenning að kossar séu tákn um skuldbindingu

» Það er ekki góð hugmynd að skiptast á munnvatni við veika manneskju, en það gæti hins vegar verið hollt að kyssa heilbrigða manneskju.

og þeir sýni makanum að maður sé tilbúinn til að taka áhættuna á að fá smitsjúkdóma með því að vera nálægt honum.

Getur verið hollt

Það er engin spurning að það er ekki góð hugmynd að skiptast á munnvatni við veika manneskju, en það gæti hins vegar verið hollt að kyssa heilbrigða manneskju.

Í hollenskri rannsókn var 21 par tekið fyrir og öðrum helmingi hvers þeirra gefin jógúrt með meltingargerlum, en þessir hollu gerlar geta bætt varnir gegn ákveðnum sjúkdómum. Þörin voru svo látnar kyssast „innilega“ og bakteríufjöldi á tungum þeirra var mældur fyrir og eftir kossinn. Í flestum tilvikum færðust góðu gerlarnir yfir og að meðaltali skiptist fólk á um 80 milljón bakteríum í tíu sekúndna kossi.

Þannig að ef ykkur langar í góða meltingargerla en þið nennið ekki eða hafið ekki tíma til að borða jógúrt er hægt að spara tíma með því að fá koss frá einhverjum sem var að enda við það.

Japanski lækinnirinn dr. Hajime Kimata hefur rannsakað hvernig kossar geta fyrirbyggt ofnæmisviðbrögð. Hann rannsakaði 30 manns með exem, 30 með nefslímubólgu vegna ofnæmis og 30 heilbrigða sjálfbodaliða. Þátttakendur voru svo látnir komast í snertingu við ofnæmisvalda sína, en bæði fyrir og eftir það var þeim sagt að vera einn með maka sínum í herbergi í 30 mínútur og kyssast.

Þessi meðferð reyndist hafa veruleg áhrif og minnka ofnæmisviðbrögðin töluvert. Þannig að fólk með ofnæmi ætti ef til vill að vera duglegra að fara í sleik.

Síðast en ekki síst hafa kossar líka verið tengdir minni kvíða, lægri blóðþrýstingi og því að hægja á öldrun, svo kannski eru þeir smávægis eins og líkamsrækt fyrir andlitið.

NOTAÐIR BÍLAR

Veglegt sérblað um notaða bíla kemur út þriðjudaginn 25. febrúar.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654/ jonivar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Við notum Probi® Mage mjólkursýrugerla fyrir meltinguna, þarmaflóruna og varnir líkamans



Sigríður Rita Ragnarsdóttir

Ég hef alla tíð verið mjög viðkvæm í maganum og var búin að prófa ýmislegt. Ég fann fljótt mikinn mun þegar ég byrjaði að nota **Probi® Mage** mjólkursýrugerla. Það er frábært að hafa loksins fundið eitthvað sem virkilega hjálpar mér og ég tek 1 hylki á dag og mun svo sannarlega halda því áfram því þetta bjargar mér algjörlega.

- **Sigríður Rita Ragnarsdóttir**

Ég hef notað **Probi® Mage** mjólkursýrugerla um nokkurt skeið með mjög áþreifanlegum árangri. Meltingin er mun betri og mér líður allri betur, þess vegna hika ég ekki við að mæla með þessari góðu vöru. Sjálf tek ég hana daglega og sleppi ekki degi úr.

- **Þórunn Kristjónsdóttir**



Þórunn Kristjónsdóttir



Þorbjörg Hafsteinsdóttir

Einkenni eins og niðurgangur, hægðatregða, vindgangur eða uppþemba er ekki eðlilegt ástand til langs tíma og getur verið til marks um ójafnvægi í þarmaflóru okkar. **Þorbjörg Hafsteinsdóttir** næringarþerapisti notar **Probi® Mage** mjólkursýrugerla fyrir sig og sína.

Birgir Þórðarson, leiðsögumaður, teblöndunarmeistari og afi með meiru, veit hvað það skiptir miklu máli að hafa meltinguna í lagi og huga að heilbrigði þarmaflórunnar fyrir heilsuna alla. Hann fann fljótt hvað **Probi® Mage** gerði honum gott og tekur það inn daglega.



Birgir Þórðarson



Fríða Britt Bergsdóttir

Ég er allt önnur og betri í maganum eftir að ég fór að nota **Probi® Mage** mjólkursýrugerlana. Ég á þeim að þakka að þeim dögum sem ég finn fyrir ónotum tengdum meltingu hefur fækkað stórlega. Þetta skilar sér hreint út sagt í betri lífsgæðum finnst mér því mér líður almennt allri betur þegar ég tek þetta inn.

- **Fríða Britt Bergsdóttir**




Söluhæsta fæðubótarefnið í sínum flokki í Svíþjóð og hefur fengið frábærar móttökur á Íslandi!



Probi® Járn - mjólkursýrugerlar, járn, C vítamín og fólasín fyrir aukna uppöku járns og til að viðhalda góðum járngildum

Algenzt er að einungis örlítill hluti af járninu í hefðbundnum háskammta járnþáttiefnum nýtist í líkamanum sem þýðir að hlutfallslega mikið magn af óuppteknu járninu getur orðið eftir í meltingarveginum og valdið aukaverkunum á borð við magaverk, ógleði og hægðatregðu.




Ein af ástæðum þessara aukaverkana getur verið að járn virkar einnig sem næringarefni fyrir ýmsar óæskilegar þarmabakteríur sem geta raskað jafnvægi þarmaflóru okkar.

Probi® Járn er milt í maga og er góð leið til að viðhalda góðum járngildum. Hentar einnig á meðgöngu.

Probi® Family - mjólkursýrugerlar, fólasín, D-vítamín og B-12 vítamín fyrir ónæmiskerfið

Stór hluti ónæmiskerfis okkar er staðsett í meltingarveginum. Virkni og almennt heilbrigði meltingarvegarins ræðst meðal annars af samsetningu örveruflóru hans, þarmaflórunni.



Sterkt ónæmiskerfi er nauðsynlegt vörnum okkar og til þess að við séum í okkar besta formi dag hvern. **Probi® Family** eru bragðgóðar tuggutöflur fyrir alla fjölskylduna frá 3 ára aldri.

Húðvörur ekki krabbameinsvaldandi

Mikil notkun húðkrema eykur ekki líkur á brjóst- eða leghálskrabbameini, að því er fram kemur í nýrri rannsókn sem gerð var í Noregi. Mikill fjöldi kvenna á miðjum aldri tók þátt í rannsókninni.

Elín
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Sumar húðvörur innihalda hormónatruflandi efnasambönd og hafa margir haft áhyggjur af þeim vörum, sérstaklega í sambandi við hormónatengt krabbamein.

„Við höfum ekki fundið neinar vísbendingar um að mikil notkun húðvöru auki hættuna á brjóst- eða legkrabbameini,“ segir Charlotta Rylander, dósent við UiT-háskóla í Noregi, á vefsíðu forskning.no. Nokkrir vísindamenn við UiT, háskólann í Ósló og Alþjóðaheilbrigðisstofnunina standa á bak við rannsóknina. „Bæði notendur snyrtivara og húðsjúkdómalæknar hafa velt því fyrir sér hvort eitthvert sambengi sé á milli húðvara og krabbameins.

Niðurstöður rannsókna innar birtust nýlega í tímaritinu Environmental Health. Markmið hennar var að kanna hvort mismunandi notkun húðvara leiði til aukinnar hættu á krabbameini í brjóstum og legi hjá miðaldra konum og eldri. Þegar rætt er um notkun á húðvörum er átt við handáburð, andlitskrem og húðkrem (body lotion). Miðað er við að notkunin sé að minnsta kosti



tvisvar á dag. Þetta eru algengustu húðvörur sem konur nota daglega. Sumar þeirra innihalda paraben og þalót. Paraben eru notuð sem rotvarnarefni í snyrtivörum. Þalót eru samheiti yfir efni sem aðallega eru notuð sem mýkingarefni í plasti en einnig í snyrtivörum. Þessi efni komast hæglega inn í blóðrásina við notkun. Áhyggjur hafa beinst að því hvort þessi efni geti aukið hættuna á hormóna-

tengdu krabbameini þar sem þau eru mikið notuð. Ekki var hægt að finna nein tengsl þarna á milli í rannsókninni.

Upp úr 2000 voru settar hömlur á notkun parabena í snyrtivörum. Þær takmarkanir komu í kjölfar niðurstaðna sem gætu bent til tengsla milli parabena og aukinnar tíðni brjóstakrabbameins. Vísindamenn hafa nú rannsakað skaðleg áhrif þessara efna og hvort

eitthvert sambengi gæti verið þarna á milli. Í rannsókninni voru norskar konur á aldrinum 46-68 ára sérstaklega skoðaðar en meðalaldur var 55 ár. Þátttakendur svöruðu spurningalista með spurningum um heilsufar, lífsstíl, lyfjanotkun, mataræði, hreyfingu og notkun á snyrtivörum. Alls tóku yfir 174 þúsund norskar konur þátt. Svörin voru borin saman við aðrar rannsóknir

Norska rannsóknin ætti að róa konur sem komnar eru á miðjan aldur en margar þeirra hafa verið hræddar við notkun snyrtivara. MYND/GETTY

» Þátttakendur svöruðu spurningalista með spurningum um heilsufar, lífsstíl, lyfjanotkun, mataræði, hreyfingu og notkun á snyrtivörum.

sem gerðar hafa verið um konur og krabbamein og ná allt til ársins 1991. Niðurstaðan sýnir engin tengsl á milli mikillar notkunar á alls kyns húðvörum og brjóst- eða leghálskrabbameins hjá konum, hvorki fyrir né eftir breytingaskeiðið. Sérstök vörumerki í snyrtivörum voru ekki skoðuð auk þess sem einungis var spurt um handáburð, andlitskrem og húðkrem (body lotion). Sömuleiðis var einungis verið að skoða ákveðinn aldur kvenna, ekki er hægt að fullyrða neitt um yngri konur sem byrja oft snemma að nota snyrtivörur. Niðurstöðurnar ættu hins vegar að geta róað miðaldra og eldri konur.

Rannsóknin ber nafnið, ef einhver vill kynna sér hana betur: Use of skincare products and risk of cancer of the breast and endometrium: a prospective cohort study.



plettac
distribution

SJÁUMST Á VERK OG VIT
12. - 15. MARS 2020

Plettac vinnupallar
- Protekt fallvarnarbúnaður
Öruggar lausnir

VINNUPALLAR EHF

Smíðsbúð 10, 210 Garðabæ - s. 787 9933
vpallar@vpallar.is - www.vpallar.is



Grænt te er sennilega hollasti drykkur veraldar en 3-4 bollar á dag eru taldir afar heilsusamlegir. MYND/GETTY

Hollasti drykkur í heimi

Öldum saman hefur grænt te verið órjúfanlegur hluti af lífi og fæðu margra Asíuþjóða. Þegar heilsufarslegir ávinningar þess eru skoðaðir kemur kannski ekki á óvart hversu margar asískar þjóðir eru ofarlega á listum yfir langlífustu þjóðir heims.

Hér eru nokkrir af helstu ávinningum tes.

■ Grænt te er talið auka langlífi en svo virðist vera sem mikið tedrykkjufólk lifi hreinlega lengur en aðrir. Mögulega spilar þar inn í að tedrykkjufólk borði hugsanlega hollari mat en gengur og gerist en rannsóknir

gefa þó til kynna að það séu viss efni í grænu tei sem dragi úr líkum á fjölda sjúkdóma.

- Grænt te er talið hægja á öldrun húðar en það er sneisafullt af andoxunarefnum sem veita vörn gegn ýmsu kvillum sem fylgja hækkingu aldri.
- Grænt te er einnig talið draga úr líkum á margs konar aldurstengdum hjarta- og heilasjúkdómum á borð við Alzheimer og Parkisons.
- Þá er grænt te talið draga úr líkum á ýmsum gerðum krabbameina, þar á meðal í blóðruhálsi, brjóstum og ristli.
- Grænt te er ríkt af aminosýrunni L-Theanine sem stuðlar að slökun taugakerfisins.

■ Grænt te inniheldur hæfilegt magn koffíns og er koffín og L-Theanine saman talið bæta einbeitingargetu og heilastarfsemi.

- Vissar rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl milli græns tes og þyngdartaps og er grænt te því oft innihaldsefni í megrunar-töflum og -dufti.
- Grænt te er talið auka blóðflæði sem hefur góð áhrif á bæði húðina og hjartað.
- Grænt te dregur úr háum blóðþrýstingi og þá sérstaklega mikil neysla yfir lengri tíma.
- Grænt te er talið hafa bakteríudrepandi áhrif og getur dregið úr andremmu ásamt því að hafa góð áhrif á tannheilsu.

Bílar & Farartæki

Snjómokstur

VETRARTÆKI
- Mikið úrval á lager -



Fjölplógar frá Pronar hafa fyrir löngu sannað gildi sitt fyrir góðan styrk og endingu. Fjöldi stærða í boði. Dæmi: 3,3m Verð: 950.000 kr. + vsk Festing frá 47.000 kr. + vsk



PRONAR

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

KRÓKUR
ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bílauppbod.is er uppbodsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Málarar
Tökum að okkur alla málningarvinnu, fagmennska og sanngjarnt verð. Málningarþjónusta Egils ehf. S:868-5171. egillsverris@gmail.com

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR EHF.
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna löggjiltra fagmanna. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar
Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Önnur þjónusta

STARFSMENN
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta

551 5000
proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Heilsa

Nudd
Nuddstofan, opið frá 10-19. Einnig um helgar S. 789-5452

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500



Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing



FAST
Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

www.fastradningar.is

STRÁ



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

www.stra.is

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

Capacent

Nýtt!

Capacent
flokkun

Sparar tíma og fyrirhöfn!



Alfred

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssviðAuglýsing um tillögur að
breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Snorrabraut 60

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 29. janúar 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 6. febrúar 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar nr. 58-60 við Snorrabraut. Í breytingunni felst að kvöð um undirgöng er felld niður. Í stað hennar kemur kvöð um inndregna jarðhæð á horni til norðvesturs þar sem gönguleið verður að núverandi húsi og inngangi viðbyggingu. Byggingarreit 4. hæðar við þaksvalir er breytt lítilla og byggingarmagn ofanjarðar (A-rými) er minnkað um 50 fm. en byggingarmagn neðanjarðar er aukið um 250 fm. og 300 fm. B-rými er bætt við. Meginfletir útveggja skulu vera sléttir eða steinaðir. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Skógarhlíð

